

Nd.

36. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingskóp Alþingis.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrstu málsgr. 3. gr. laganna skal orða svo:

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings, og gengst hann fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á þann hátt á Alþingi 1934, að kosinn skal annar varaforseti jafnskjótt sem lögin hafa hlötið staðfestingu.

Greinargerð.

Hin nýju fyrirmæli stjórnarskrár og þingskapa um meðferð fjárlaga og fjáráukalaga í sameinuðu þingi og að þar skuli brenna upp þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr rikissjóði, gera það nauðsynlegt, að kosnir séu tveir varaforsetar í sameinuðu þingi, engu síður en í deildum.